

Stýrivextir óbreyttir

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að stýrivextir bankans skuli vera óbreyttir, þ.e. 18%.

Frá því að síðasta ákvörðun bankastjórnar um stýrivexti var kynnt og bankinn birti spár sérfræðinga sinna í byrjun nóvember sl. hafa ýmsir þættir efnahagsmála skýrst, þótt óvissa sé eðli málsins samkvæmt enn afar mikil. Gengið hækkaði skarpt eftir að viðskipti hófust á milli-bankamarkaði á ný í desember sl. Hækkunin gekk að nokkru til baka en síðustu tvær vikurnar hefur það styrkst á ný um 10%. Raungengi krónunnar er þó enn mjög lágt og langt undir sögulegu meðaltali. Auk þess er vaxandi afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Því eru forsendur fyrir umtalsverðri gengishækkun. Á móti vegur að viðskiptakjör hafa versnað nokkuð og á sumum sviðum verulega, enda hefur hagvöxtur almennt dregist saman í viðskiptalöndum Íslands. Meginviðfangsefni peningastefnunnar um þessar mundir er að stuðla að stöðugleika í gengismálum og styrkja gengi krónunnar. Hóflæg inn-grip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafa haft jákvæð áhrif. Hrein gjaldeyrisviðskipti bankans nema aðeins liðlega 3 milljónum evra það sem af er ári.

Verðbólga á síðasta fjórðungi liðins árs var minni en spáð var, eða 16,8% í stað 19%. Það gerðist þrátt fyrir að gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni hafi á síðasta fjórðungi sl. árs verið um 9% hærra en spáð var. Auk ytri ástæðna er líklegt að áhrif fjármálakreppunnar á eftirspurn skýri þessa þróun að töluverðu leyti. Við ákvörðun um stýri-vexti nú þarf ekki að huga að aðhaldi að innlendri eftirspurn. Hún hefur dregist mikið saman, sérstaklega einkaneysla af augljósum ástæðum. Horfin eru auðsáhrif af völdum sífelldra hækkana á verði hlutabréfa og húsnæðis sem ýttu undir neyslu. Verð á fasteignum hefur þegar lækkað og ljóst er að það mun enn lækka verulega. Atvinnuleysi hefur vaxið mun hraðar en gert var ráð fyrir í nóvember. Af þeim sökum og vegna verðbólgunnar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkað mikið og mun áfram minnka. Vonir standa til að aðilar á vinnumarkaði muni fást við þá framvindu af ábyrgð. Tjón sem leiddi af falli bankanna hefur verið mikið og haft mikil áhrif á innlenda eftirspurn, eins og spáð var. Aðgengi að erlendu lánsfé er mjög takmarkað.

Verðbólga virðist hafa náð hámarki. Hrátt mun draga úr henni og horfur eru á minni verðbólgu í ár en spáð var í nóvember. Að ári gæti verðbólga verið komin niður í u.þ.b. 2½%.

Þrátt fyrir verulegan vöruskiptaafgang síðustu mánuðina, skilaskyldu á gjaldeyri og höft á fjármagnshreyfingum hefur gengi íslensku krónunnar styrkst hægar en Seðlabankinn vænti og telur eðlilegt. Ástæður þessa kunna að vera ýmsar. Meðal annars má nefna að greiðslufrestir hafa styst hjá innflutningsfyrirtækjum en lengst hjá út-flutningsfyrirtækjum. Viðskiptakjör hafa versnað eins og áður segir og erfiðleikar fara vaxandi í markaðslöndum Íslands í þeirri heimskreppu sem nú gengur yfir. Einnig kann birgðasöfnun útflutningsfyrirtækja að

hafa haft nokkuð um þessa þróun að segja. Þótt gengið hafi styrkst hægar en ráð var fyrir gert standa öll efni til áframhaldandi styrkingar á næstu misserum. Það er enda þýðingarmikið.

Af framantöldum ástæðum taldi bankastjórn Seðlabankans nú tímabært að hefja lækkun vaxta og var sú afstaða kynnt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóri hans hvatti hins vegar til þess að vöxtum yrði haldið óbreyttum að sinni m.a. vegna tímabundinnar óvissu í íslenskum stjórnámálum. Bankastjórn þykir rétt að taka mið af þessum tilmælum.

Mat Seðlabankans er að með hjaðnandi verðbólgu muni gefast færi á að lækka stýrivexti töluvert hratt án þess að stefna markmiðum bankans í gengis- og verðlagsmálum í tvísýnu. Hugsanlegt er að Seðlabankinn fjölgi ákvörðunardögum um vexti frá því sem áður hafði verið tilkynnt til þess að vaxtaþróunin fylgi verðbólguþróuninni eftir með eðlilegum hætti og einstakar vaxtabreytingar verði ekki óþægilega stórar. Vegna þeirra tímabundnu hafta sem sett voru á fjármagnshreyfingar til og frá landinu og upptöku skilaskyldu gjaldeyris hafa tengsl stýrivaxta og gengis að nokkru leyti rofnað um sinn. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara tengsla þegar hugað er að vaxtaákvörðunum til lengri tíma þar sem gengið þarf að hafa nægilegan stuðning frá vöxtum þegar losað verður um gjaldeyrishömlur.